

Verklagsreglur og öryggisatriði

Rannsóknastöðin Rif ber ekki ábyrgð á öryggi þeirra sem nýta sér aðstöðu stöðvarinnar eða rannsóknasvæði. Ákveðnar reglur og öryggisatriði ber þó að hafa í huga sem mælst er með að viðkomandi rannsakendur kynni sér og fari eftir.

Rannsóknavinna úti í folti – öryggisatriði

- Tilkynna skal starfsfólki stöðvarinnar hvert skal haldið í rannsóknarleiðangur hverju sinni. Tilkynna skal áætlaðan brottfarar- og komutíma hvern rannsóknadag.
- Viðeigandi öryggisbúnaður skal vera með í för í allri feltvinnu, m.a. fyrstu hjálpar búnaður og viðeigandi samskiptabúnaður
- Æskilegt er að a.m.k. einn aðili í hverjum rannsóknarhóp hafi lokið fyrstu hjálpar námskeiði.
- Ekki er æskilegt að rannsóknarmenn séu einir á ferð í leiðangrum. Gera skal sérstakt dagsplan/rannsóknarplan þar sem rannsóknasvæði og tímasetningar eru tilgreindar.

Umhverfisvernd í folti

- Sérstök svæði eru skilgreind fyrir ákveðnar rannsóknir og vöktun skv. landnýtingaráætlun. Taka skal fullt mið af þeirri áætlun við val á rannsóknasvæðum og –aðferðum.
- Séu rannsóknaaðgerðir á landi Rifs líklegar til að hafa umhverfisáhrif í för með sér, t.d. rask vegna sýnatöku, skal afla sérstaks leyfis hjá forráðamönnum landsins.
- Meðferð mengandi eða hættulegra efna á landareign eða í aðstöðu Rifs er með öllu óheimil nema með sérstöku leyfi frá Rannsóknastöðinni.

Samgöngur

- Einungis skal ekið eftir merktum vegum og slóðum. Utanvegaakstur er alfarið bannaður.
- Gæta skal sérstaklega að því að trufla ekki fuglalíf og annað dýralíf á staðnum.
- Viðeigandi öryggisbúnaður skal ávallt vera með í för. Sérstaklega skal gæta að notkun öryggisbelta og einnig notkunar hjálma og björgunarvesta ef farið er um á bát.
- Rannsakendur skulu sjálfir sjá til þess að farartæki og annar búnaður sé viðeigandi tryggður.

Húsnæði og rannsóknaaðstaða

- Rannsakendur bera ábyrgð á því að gengið sé vel um og að skilið sé við húsnæði eins og að því var komið.
- Rannsakendur bera sjálfir ábyrgð á því að þrifa og ganga frá öllum þeim rannsókn- og húsbúnaði sem notaður er hverju sinni.
- Ef mengandi eða hættuleg efni eru notuð skal gera viðeigandi ráðstafanir. Notkun slíkra efna er háð leyfi frá rannsóknastöðinni sjálfri og er notkun þeirra á eigin ábyrgð.
- Ef rannsóknin krefst þess að lifandi dýr séu meðhöndluð skal fara í einu og öllu eftir gildandi dýraverndunarlögum og gæta þess sérstaklega að raska ekki búsvæði dýranna.